

AFKOMA FYRSTU 9 MÁNAÐA ÁRSINS 2017

Helstu atriði í afkomu 9M2017:

- Hagnaður eftir skatta var 10,1 ma.kr. samanborið við 15,6 ma. kr. á 9M16. Þessi munur skýrist aðallega af einskiptistekjum af sölu Borgunar á hlutum í Visa Europe er átti sér stað á 9M16. Arðsemi eigin fjár var 7,7% á tímabilinu samanborið við 10,3% á 9M16.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 10,2 ma. kr. samanborið við 11,3 ma kr. á sama tíma 2016.
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 10,1% á 9M17 samanborið við 10,4% á 9M16.
- Hreinar vaxtatekjur voru 22,7 ma. kr. (9M16: 23,7 ma. kr.) sem er 4% lækkun milli tímabila sem skýrist af lægra vaxtaumhverfi. Vaxtamunur var 2,9% (9M16: 3,0%).
- Hreinar þóknatekjur voru 10,1 ma. kr. samanborið við 9,9 ma. kr. á 9M16, sem er 2% hækkun milli tímabila.
- Stjórnunarkostnaður var 19,3 ma. kr. sem er 2% lækkun frá 9M16. Þegar einskiptis-kostnaður er undanskilinn hækkar kostnaður um 2,7%, sem þýðir raunhækkun um 1,0% sé tillit tekið til verðbólgu.
- Kostnaðarlutfall var 60,2% (9M16: 55,9%), en sértækur bankaskattur og einskiptiskostnaður eru undanskildir við útreikning kostnaðarlutfalls.
- Heildar eignir voru 1,078 ma. kr. (júní17: 1,047 ma. kr.). Útlán til viðskiptavina og lausafjársefn bankans voru samtals 96% af stærð efnahagsreiknings við lok tímabilsins.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 7,8% (53,5 ma. kr.) á 9M17 og voru 741 ma. kr. í lok tímabilsins. Ný útlán voru 152 ma. kr. sem dreifðust vel á milli viðskiptaeininga bankans.
- Gæði eignasafns bankans halda áfram að batna, en hlutfall lána í vanskilum umfram 90 daga var 1,1% (júní17: 1,2%, mars17: 1,6% og des16: 1,8%).
- Innlán frá viðskiptavinum lækkuðu í samræmi við væntingar um 1,2% (7,3 ma. kr.) á 9M17 og voru 587 ma. kr. við lok tímabilsins.
- Eiginfjárlutfall var 22,7% og eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 22,5% við lok tímabilsins, samanborið við 23,5% og 23,3% við lok júní 2017.
- Lausafjárstaða bankans er sterk og umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Við lok tímabilsins var lausafjárlutfallið (LCR) 183% (júní17: 171%) og fjármögnunarhlutfallið (NSFR) var 115% (júní17: 119%).
- Vogunarhlutfall var 15,3% við lok september 2017, samanborið við 15,7% við lok júní, sem telst hóflegt bæði í innlendum og erlendum samanburði.
- Íslandsbanki er eini bankinn á Íslandi með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum lánshæfismatsfyrirtækjum. Í janúar 2017 hækkaði Fitch Ratings mat sitt í BBB/F3 með stöðugum horfum og í október 2017 hækkaði Standard & Poor's (S&P) mat sitt í BBB+/A-2 með stöðugum horfum.

Helstu atriði á 3F2017:

- Hagnaður eftir skatta var 2,1 ma. kr. (3F16: 2,5 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 4,7% á tímabilinu samanborið við 5,1% á 3F16.
- Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 8,1% á fjórðungnum (3F16: 8,4%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,5 ma. kr. á 3F17 (3F16: 7,8 ma. kr.) og vaxtamunurinn var 2,8% (3F16: 3,0%).
- Hreinar þóknatekjur voru 3,3 ma. kr. (3F16: 3,2 ma. kr.).

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

"Útlánavöxtur frá áramótum nemur 7,8% en sá vöxtur skýrist einkum af aukningu á lánum til fyrirtækja. Það er ánægjulegt að fá tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum fjárfestingum íslenskra fyrirtækja. Góður gangur var í miðlun verðbréfa á þriðja ársfjórðungi og var bankinn með mestu hlutdeild á skuldabréfamarkaði. Jafnframt hefur hlutdeild bankans á hlutabréfamarkaði vaxið.


Hagnaður af rekstri bankans nam 10,1 milljarði á fyrstu 9 mánuðum ársins og nemur arðsemi af undirliggjandi rekstri 10,1%. Þetta er í samræmi við markmið bankans. Jákvæð virðisbreyting útlána hefur mikil áhrif á arðsemina og eru gæði lánasafnsins enn að batna.

Nýlega var lánshæfismat Íslandsbanka hækkað af S&P Global Ratings sem ýtir undir þá jákvæðu þróun sem hefur átt sér stað í íslensku efnahagslífi. Kjör bankans á erlendum fjármagnsmörkuðum hafa farið batnandi síðustu misseri og erum við nú mun samkeppnishæfari í kjörum við erlenda banka. Við fögnum þessari þróun og hlökkum til áframhaldandi verkefna með viðskiptavinum okkar.


Flutningum í nýjar höfuðstöðvar bankans í Norðurturni er nú lokið og við sjáum strax árangur aukinnar samvinnu og samþættingar. Verkefnaðið vinnuadstaða er að gefast vel og hafa þegar tugir íslenskra fyrirtækja heimsótt okkur til að kynna sér þessa framúrsteftulegu vinnuadstöðu.

Framundan eru miklar breytingar á alþjóðlegum fjármálamarkaði þar sem innleiddar verða nýjar reglugerðir sem opna markaðinn enn frekar fyrir neytendur. Við erum á lokasprettinum að gera breytingar á grunnkerfum bankans sem gerir okkur enn betur kleift að takast á við spennandi áskoranir framundan".


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA (m.kr.)




HAGNAÐUR AF REGLUL. STARFSEMI (m.kr.)



ARÐSEMI AF REGLUL. STARFSEMI (%, m.v. 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1))



VAXTAMUNUR (%)



REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur (m.kr.)	9M17	9M16	Δ	3F17	3F16	Δ
Hreinar vaxtatekjur	22,661	23,653	(992)	7,450	7,758	(307)
Hreinar þóknatekjur	10,118	9,892	226	3,305	3,233	71
Hreinar fjármunatekjur (kostnaður)	(975)	6,059	(7,034)	(1,084)	(607)	(477)
Hreinn gengismunur	446	366	80	76	49	27
Aðrar rekstrartekjur	506	669	(163)	291	45	246
Rekstrartekjur samtals	32,756	40,639	(7,883)	10,038	10,478	(440)
Stjórnunarkostnaður	(19,313)	(19,729)	416	(6,047)	(5,613)	(434)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(795)	(811)	16	(280)	(283)	2
Sérstakur skattur á fjármálaþyrftækni	(2,278)	(2,152)	(127)	(806)	(745)	(60)
Rekstrargjöld samtals	(22,386)	(22,692)	306	(7,133)	(6,641)	(492)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána	10,370	17,947	(7,576)	2,905	3,837	(931)
Hrein virðisbreyting útlána	587	251	336	147	(118)	265
Hagnaður fyrir skatta	10,957	18,198	(7,241)	3,052	3,719	(666)
Tekjuskattur	(3,335)	(3,852)	517	(1,072)	(1,266)	194
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	7,622	14,346	(6,724)	1,980	2,452	(472)
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	2,492	1,209	1,283	93	85	8
Hagnaður tímabilsins	10,114	15,555	(5,442)	2,073	2,538	(464)
Arðsemi eigin fjár m.v. 15% CET1 (af reglul. starfsemi), %	10.1%	10.4%		8.1%	8.4%	
Arðsemi eigna, %	1.3%	2.0%		0.8%	1.0%	
Vaxtamunur (af heildareignum), %	2.9%	2.9%		2.8%	3.0%	
Kostnaðarhlutfall, %	60.2%	55.9%		62.7%	56.1%	

REKSTRARREIKNINGUR

Traustur rekstur og stöðugar grunntekjur

Heildartekjur fyrstu níu mánuði ársins voru 32,8 ma. kr. (3F17: 10 ma. kr.), sem er 19% lækkun frá sama tímabili 2016. Lækkunin er einkum til komin vegna lægra vaxtaumhverfis og einkiptistekna af sölu Borgunar á hlut sínum í Visa Europe sem skilaði 6,2 ma.kr. hagnaði á 9M16.

Hreinar vaxtatekjur voru 22,7 ma.kr. (3F17: 7,5 ma.kr.) sem er 4% lækkun frá fyrra ári og má einkum rekja til lægra vaxtaumhverfis. Hreinn vaxtamunur var 2,9% á tímabilinu og má búast við að hann haldist rétt undir 3,0% til skamms- og meðallangs tíma.

Hreinar þóknatekjur jukust um 2%, voru 10,1 ma. kr. á 9M17 (3F17: 3,3 ma. kr.). Hækkunina má rekja til aukinna umsvifa viðskiptavina móðurfélagsins. Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) voru jafnmiklar og heildar rekstrartekjur sem er í samræmi við áherslur bankans á grunntekjur og markmið um að viðhalda stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.

Hreinn fjármunakostnaður var 975 m. kr. á 9M17 (3F17: -1,1 ma.kr.) og skýrist aðallega af virðisbreytingum á afleiðum og viðskiptum með skuldabréf og hlutabréf, samanbörð við hagnað upp á 6,1 ma. kr. á 9M16 (3F16: 0,6 ma.kr.). Breytingin milli ára er aðallega tilkomin vegna fyrrnefndrar sölu Borgunar á hlut í Visa Europe. Bankinn hagnaðist á gjaldeyrisviðskiptum um 0,45 ma. kr. á tímabilinu, samanbörð við 0,4 ma. kr. á sama tíma 2016.

Aðrar rekstrartekjur sem samanstanda af leigutekjum, tekjum af þjónustusamningum og hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarféлага, námu 0,5 ma. kr. á tímabilinu (9M16: 0,7 ma. kr.).

Áframhaldandi áhersla á kostnaðaraðhald

Stjórnunarkostnaður á tímabilinu (að undanskildum óreglulegum kostnaði) hækkaði um 0,5 ma. kr. milli ára. Laun og launatengd gjöld voru 10,9 ma. kr. á 9M17, sem er 2% aukning milli ára. Starfsemi höfuðstöðva bankans, sem var dreifð á fjóra staði hefur nú verið að fullu sameinuð í Norðurturninum í Kópavogi. Útibúin á Kirkjusandi og Suðurlandsbraut voru sameinuð í nýju útibúi, Laugardal, í febrúar 2017. Við það fækkaði útibúum bankans í 14 og starfrækir bankinn áfram hagkvæmasta útibúanet á Íslandi. Þessar breytingar höfðu í för með sér aukinn kostnað, en þess er vænst að framtíðarhagræði vegi upp á móti þeim kostnaði.

Meðalfjöldi starfsmanna í fullu starfi í móðurfélagi var 919 á tímabilinu (968 á 9M16) og 1.102 (1,131 á 9M16) í samstæðunni. Að undanskildum sumarstarfsmönnum var meðalfjöldinn í móðurfélagi 881 (922 á 9M16). Fjöldi starfsmanna móðurfélagsins í lok tímabilsins var 871 að undanskildum sumarstarfsmönnum.


Kostnaðarhlutfall var 60,2% samanbörð við 55,9% á 9M16, sem er yfir 55% langtímamarkmiði bankans. Bankaskattur og einkiptiskostnaður eru undanskildir við útreikning kostnaðarhlutfalls.

Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 2,5 ma. kr. á 9M17 (3F17: 93 m. kr.) samanbörð við 1,2 ma. kr. á 9M16 (3F16: 85m kr.). Hagnaðinn má rekja til sölu eða gjaldþrotaskipta dótturféлага og tekna af aflagðri starfsemi. Bankinn hefur nú selt alla eignarhluti í félögum í óskyldri starfsemi.


Virðisbreyting útlána

Hrein virðisbreyting útlána skilaði 0,6 ma. kr. hagnaði á 9M17 (3F17: 0,15 ma. kr.), samanbörð við 0,3 ma. kr. á 9M16 (3F16: -0,12 ma. kr.). Þar sem efnahagsreikningur bankans hefur verið að fullu endurskipulagður hefur stór hluti endurmat á framtíðarsjóðstreymi útlána þegar komið fram og mun hafa minni áhrif á hagnað í framtíðinni. Hagnaðurinn samanstendur af tekjufærslu vegna sértækra og almennrar virðisrýrnunar, gjaldfærslu vegna dómsmála og tekjufærslu vegna endurmetins greiðslufélags útlána.


HREINAR VAXTATEKJUR (m.kr.)



HREINAR ÞÓKNANATEKJUR (m.kr.)



STJÓRNUNARKOSTNAÐUR (m.kr.)



Tekjuskattur fyrstu 9 mánaða ársins var 3,3 ma.kr. samanborið við 3,9 ma. kr. á 9M16. Virkur tekjuskattur var 30,4%, samanborið við 21,2% á 9M16, en munurinn felst í því hvernig hagnaður vegna sölu Borgunar á hlutum í Visa Europe var skattlagður. Bankaskatturinn var 2,3 ma. kr. á 9M17 (9M16: 2,2 ma. kr.). Bankaskatturinn jókst verulega árið 2013 sem tímabundin ráðstöfun, en óvíst er hvernig skatthlutfallið mun þróast á næstu árum. Ef bankaskatturinn verður áfram við lýði mun bankinn þurfa að finna leiðir til að vega upp á móti honum í gegnum verðlagningu eða frekari hagræðingu.

Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins og til umboðsmanns skuldara. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, 0,8 ma. kr. var sambærilegt við sama tíma 2016.

Heildarskattar og gjöld voru 7,0 ma. kr. á 9M17, samanborið við 7,6 ma. kr. á 9M16.

Hagnaður tímabilsins

Hagnaður eftir skatta var 10,1 ma. kr. á 9M17 (3F17: 2,1 ma. kr.) samanborið við 15,6 ma.kr. á 9M16 (3Q16: 2,5 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 7,7% á tímabilinu.

Hagnaður af reglulegri starfsemi var 10,2 ma. kr. (3F17: 2,8 ma. kr.), samanborið við 11,3 ma. kr. á 9M16 (3F16: 3,2 ma. kr.). Lækkunin er aðallega tilkomin vegna lægra vaxtaumhverfis, fjármunagjöldum vegna skiptasamninga og aukningu á rekstrarkostnaði. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 15% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 10,1% á 9M17, samanborið við 10,4% á 9M16.

Eignir (m.kr.)	30.09.2017	30.06.2017	31.12.2016
Handbært fé og innstæður hjá Sí	214,254	227,189	275,453
Skuldabréf og skuldagerningar	42,871	33,301	31,256
Hlutabréf og eiginfjárgæðingar	11,420	11,936	10,626
Afleiðusamningar	3,266	3,942	1,953
Útlán til lánastofnana	37,874	23,983	17,645
Útlán til viðskiptavina	741,380	721,820	687,840
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	669	705	450
Rekstrarfjármunir	7,189	6,663	6,211
Óefnislegar eignir	4,077	3,644	2,672
Aðrar eignir	11,201	10,103	7,064
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3,422	3,935	6,384
Eignir	1,077,623	1,047,221	1,047,554
Áhættugrunnur	767,536	736,310	704,177
>90 daga vanskil eða með sértæka virðisrýrnun, %	1.1%	1.2%	1.8%

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir – vel dreifður vöxtur útlána til viðskiptavina þrátt fyrir harða samkeppni

Efnahagsreikningur bankans var 1,078 ma. kr. við lok tímabilsins sem er 3% eða 30 ma.kr. hærri en við árslok 2016. Megnið af þessari aukningu varð á þriðja fjórðungi, aðallega vegna aukningu í útgáfu skuldabréfa og útlána til viðskiptavina.

Handbært fé og innstæður hjá Sí, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana, nema samtals 295 ma. kr. Þar af teljast 269 ma. kr. til lausafjár.

Útlán til viðskiptavina jukust um 7,8%, eða 53,5 ma. kr. á 9M17 (9M16: 2,8% eða 18,5 ma. kr.). Eftirspurn eftir nýjum útlánnum var aðallega frá fyrirtækjum í fasteigna-, verslunar- og þjónustugeiranum og í minna mæli frá einstaklingum. Ný útlán voru 152 ma. kr. (3F17: 44,2 ma. kr.), samanborið við 124 ma. kr. á 9M16 (3F16: 33,2 ma. kr.), sem er 22% aukning milli tímabila.

Gæði útlána halda áfram að batna sem sjá má í lækkandi hlutfalli erfiðleikalána. Útlán með sértækri virðisrýrnun eða í meira en 90 daga vanskilum voru 1,1% við lok september 2017, og höfðu lækkað úr 1,2% við lok júní 2017 og úr 1,8% við árslok 2016.

Fasteignir eru enn mikilvægasta tegund trygginga hjá bankanum. Vegið meðaltal veðhlutfalls fyrir íbúðahúsnæðislán bankans var 62% við lok september 2017, samanborið við 61% við lok júní 2017. Hlutfallið hefur lækkað frá árslokum 2016 aðallega vegna útgáfu nýs fasteignamats sem hækkaði verðmat fasteigna um 15,5% að meðaltali milli ára.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi lækkuðu um 3,0 ma. kr. frá áramótum, með sölu eigna móðurfélagsins (1,5 ma. kr.) og annarra félaga í samstæðu.

Veðsetningarhlutfall bankans var 13,99% við lok september, samanborið við 13,4% við lok júní 2017.

Skuldir – innlán enn stærsti fjármögnunarliðurinn

Heildarskuldir voru 900 ma. kr. sem er hækkan um 3,3% frá júní 2017.

Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu og voru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið við lok tím abilsins. Í lok september 2017 var lausafjárhlutfall (LCR) bankans 183% og hlutfall stöðugrar fjármögnunar (NSFR) í erlendum gjaldmiðlum 119% fyrir samstæðuna. Heildar NSFR hlutfallið var 115% fyrir samstæðuna.

Heildarinnlán jukust um 3% á þriðja ársfjórðungi eða í 600 ma. kr. sem er sambærilegt við stöðuna í árslok 2016. Innlán eru ennþá stærsti fjármögnunarliður bankans og fylgst er náið með samþjöppunaráhættu. Hlutfall innlána á móti útlánum til viðskiptavina lækkaði í 76,9%, samanborið við 78,0% við lok júní 2017.

Fjármögnun – stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi

Skuldabréfaútgáfa bankans jókst á þriðja ársfjórðungi með útgáfu á víxlum og sértryggðum skuldabréfum á innlendum markaði sem er í samræmi við stefnu bankans að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar. Íslandsbanki er stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi á árinu. Bankinn gaf út 7,2 ma. kr. í sértryggðum skuldabréfum á þriðja ársfjórðungi. Útistandandi víxlar í lok september voru um 6,7 ma. kr.

Skuldir og eigið fé (m.kr.)	30.09.2017	30.06.2017	31.12.2016
Innlán SÍ og lánastofnana	12,684	9,362	4,922
Innlán viðskiptavina	586,922	572,407	594,187
Afleiðusamningar og skortstöður	5,167	7,344	4,798
Lántaka	240,259	227,274	212,468
Skattskuldir	13,143	11,581	8,473
Aðrar skuldir	41,513	43,209	43,456
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	116	116	325
Eigið fé	177,819	175,928	178,925
Skuldir og eigið fé	1,077,623	1,047,221	1,047,554
Eiginfjárhlutfall þáttar 1 (CET1), %	22.5%	23.3%	24.9%
Heildareiginfjárhlutfall, %	22.7%	23.5%	25.2%
Lausafjárhlutfall (LCR), %	183.0%	171.0%	187.0%
Fjármögnunarhlutfall (NSFR), %	115.0%	119.0%	123.0%
Hlutfall heildarinnlána á móti heildarútlánunum, %	76.9%	78.0%	84.9%
Vogunarhlutfall, %	15.3%	15.7%	16.0%

Vegna sterkrar lausafjárstöðu og takmarkaðrar eftirspurnar eftir lánunum í erlendum gjaldmiðlum gaf bankinn ekki út skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum á fjórðungnum. Ávöxtunarkrafa á eftirmarkaði fyrir útgefin bréf bankans í erlendri mynt fór áfram lakkandi. Sem dæmi lækkaði krafan á evruútgáfu bankans á gjalddaga 2020 um 19 punkta á fjórðungnum, fór úr 83 punktum ofan á millibankavexti í u.þ.b. 64 punkta.

Ef markaðsaðstæður fara áfram batnandi og lausafjárstaða bankans helst sterk, mun bankinn á árinu 2017 kanna möguleika á að kaupa útistandandi skuldabréf til baka og/eða framkvæma skipti á útistandandi skuldabréfum fyrir skuldabréf með lengri líftíma.

Eigið fé – áhersla á hámarks fjármagnsskipun

Eigið fé bankans var 177,8 ma. kr. í lok september 2017, samanborið við 175,9 ma. í lok júní 2017. Þar af er hlutdeild minnihluta 2,5 ma. kr. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. við lok þriðja ársfjórðungs og hlutafé var 65 ma. kr.


Í lok september var eiginfjárhlutfall bankans 22,7%. Eiginfjárhlutfall þáttar 1 (Tier1) var 22,5%, samanborið við 23,3% í lok júní. Niðurstöður könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins 2017 (SREP) setja heildar eiginfjárkröfu bankans í 19,8% af áhættugrunni, sem er hækkan frá fyrra ári þar sem krafan var 19,2%. Hækkunina má reka til þess að samantölgð krafa um eiginfjárlausn hækkaði úr 8,0% af áhættugrunni í 8,6% milli ára.

Bankinn kynnti til sögunnar í fyrsta skipti á 4F16 nýtt langtíamarkmið um eigið fé sem byggir á innra matsferli fyrir eiginfjárbörð (ICAAP) og könnunar- og matsferli (SREP). Markmiðið gerir ráð fyrir að bankinn viðhaldi kröfu um eigið fé sem er 0,5-1,5% hærra heldur en SREP til að að tryggja að skammtíamaflokt valdi því ekki að hlutfallið fari niður fyrir kröfur regluverksins.


Markmið um eigið fé styður við starfsemi bankans og gerir ráð fyrir breytingum eða óvissu í rekstrarumhverfinu. Eiginfjármarkmiðið er breytingum háð og mun endurspeglja þá þróun sem kann að verða í áhættustýringu, stefnu bankans og ytra umhverfi. Byggt á SREP niðurstöðu síðasta árs þýðir þetta að langtíamarkmið um eigin fé bankans er á milli 20,3-21,3% og lágmarks CET1 hlutfall 15,4-16,4%.

Bankinn mun upplýsa um áhrif innleiðingar IFRS 9 í ársreikningi bankans en ljóst er að bankinn verður áfram vel yfir kröfum eftirlitsaðila. Að auki er bankinn að meta áhrif nýlegs dóms um heimild fyrir breytingu útlánavaxta á ákveðnum hluta húsnæðislanasafns. Þó dómurinn geti haft áhrif á eiginfjárkröfu fyrir vaxtaáhættu mun eigið fé bankans verða áfram vel yfir kröfum.


VOGUNARHLUTFALL (%)



EIGINFJÁRHLUTFÖLL (%)



ÁHÆTTUVEGNAR EIGNIR Á MÓTI HEILDAREIGNUM (%)



Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir sem námu 767,5 ma. kr. við lok september 2017, eða 71,2% af heildareignum sem er smávægileg hækkun frá júní 2017 vegna aukinna útlána. Vogunarlutfall í lok september var 15,3% samanborið við 15,7% við lok júní, sem telst hóflegt.

Á fyrsta fjórðungi ársins var greiddur út arður að fjárhæð 10 ma. kr. byggt á hagnaði ársins 2016 og í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans. Stjórn bankans fékk einnig heimild til að boða auka hluthafafund seinna á þessu ári vegna möguleika á að lögð yrði fram tillaga til viðbótar arðgreiðslu byggð á hagnaði fyrri ára. Hækkun lánshæfismats bankans frá Standard & Poor's (október 2017) og Fitch Ratings (janúar 2017) mun greiða fyrir skuldabréfaútgáfum á árinu og komandi árum. Bankinn íhugar útgáfu á víkjandi skuldabréfum til að ná fram hagstæðari fjármagnsskipan.

Jöfnuðir

Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Við lok september 2017 var munurinn á samstæðugrunni 41,4 ma. kr. (23,8% af eigin fé) samanborið við 49,8 ma. kr. í júní 2017 (28,8% af eigin fé). Jöfnuðinum er stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra skuldabréfa og verðtryggðum innlánsreikningum. Gjaldeyrisjöfnuðurinn var 0,2 ma. kr. (0,1% af eigin fé) í lok september 2017, sem er sambærilegt og í lok júní 2017. Fylgst er vel með jöfnuðum bankans og eru þeir innan viðmiða laga.

Lánshæfismat

Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum lánshæfismatsfyrirtækjum, Fitch Ratings og Standard & Poor's (S&P).

Í október 2017 hækkaði S&P lánshæfi Íslandsbanka úr BBB/A-2 í BBB+/A2 með stöðugum horfum.

Hækkun á lánshæfismati bankans byggir að mestu á batnandi rekstrarumhverfi íslenska bankakerfisins í kjölfar afnáms gjaldeyrishafta og lækkandi skuldastöðu fyrirtækja og heimila. Vegna þessa telur S&P að íslenska bankakerfið hafi styrkt og eiginfjárstaða Íslandsbanka batnað þegar horft er til langs tíma að teknu tilliti til áhættu í umhverfinu.

Stöðugar horfur á einkunn bankans endurspeglar þá skoðun S&P að íslenskt efnahagslíf muni áfram standa á traustum fótum og að bankinn viðhaldi sterkri eiginfjárstöðu á komandi árum á sama tíma og hann haldi áfram að ná fram hagstæðari fjármagnsskipan.

Í júlí hækkaði Fitch lánshæfismat íslenska ríkisins í A- með jákvæðum horfum, sem byggði á góðum hagvexti og bættri ytri stöðu þjóðarþúsins. Í júní 2017 hækkaði S&P lánshæfismat ríkisins í A/A-1 með stöðugum horfum, sem byggði á afnámi fjármagnshafta. Stöðugar horfur endurspeglar möguleika á breytingu til batnaðar í opinberum fjármálum vegið á móti áhættu á ofhitnun efnahagslífsins næstu tvö árin.

FJÁRFESTATENGSL

Símafundur á ensku kl. 13:00

Markaðsaðilum er boðið á símafund kl. 13:00, í dag fimmtudaginn 9. nóvember. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans. Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með því að senda tölvupóst á ir@islandsbanki.is. Fundargögn og aðgangsorð vegna fundarins verða send út til skráðra aðila tveimur tímum fyrir fundinn.

Öll gögn má nálgast á vef fjárfestatengsla: <https://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/>

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árs- og árshlutauppgjör á neðangreindum dagsetningum, en þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- 4F2017 - 14. febrúar 2018
- 1F2018 - 9. maí 2018

Upplýsingar um fjárhagsdagatal bankans og þöglu tímabil má finna á vef fjárfestatengsla.